

Nr. 102 / 15 Magni***Björgunarbátur losnar í höfn***

Skipaskr.nr. 2686
Smíðaður: Rúmeníu 2006, stál
Stærð: 122,7 brl. 141,2 bt.
Mesta lengd: 22 m Skráð lengd: 20,41 m
Breidd: 7,8 m Dýpt: 3,74 m
Vél: Caterpillar 954 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 0



Magni©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. september 2015 var dráttarbáturinn Magni mannláus við bryggju í Reykjavík.

Þegar skipverjar á dráttarbátnum Jötni voru að koma í land tóku þeir eftir að bakborðs björgunarbátur var laus úr skotgálga á Magna og lá uppblásinn við hlið hans. Ekkert benti til annars en að þetta hafi gerst af sjálfu sér því engin ummerki voru um að átt hafi verið við losunarbúnaðinn.

Myndavélarkerfi hafnarinnar var skoðað og staðfesti það að engar mannaferðir voru í bátnum þegar björgunarbáturinn skaut út.

Við rannsókn kom fram:

- að um var að ræða Sigmunds losunarbúnað og við skoðun kom í ljós að rakapilla í ræsibúnaði (*Secumatic 3001s*) í brú hafði molnað með þeim afleiðingum að gálginn losnaði;
- að í ræsibúnaðinn vantaði pilluhaldarann sem varð þess valdandi að meiri pressa var á hnífnum ofan á pilluna og braut hana (*sjá mynd*);



Myndin vinstra megin sýnir réttan pilluhaldara og þann sem var um borð

- að skotgálginn var skoðaður í apríl 2015 og var þá skipt um rakapillu;
- að skoðunarmaður hafði ekki skýringu á því af hverju pilluhaldarann vantaði;
- að hlífin á kassanum í brú skipsins fyrir ræsibúnaðinn er skrúfaður saman með tveimur boltum og ekki með innsigli.

Nefndarálit:

Nefndin telur að ástæða atviksins sé sú að frágangur eftir skoðun hafi verið ófullnægjandi.